

Vefsíðan www.deliciousmagazine.co.uk



Morgunblaðið/G. Rúnar

Eftirréttur Þessir bananar gætu endað í rommbaði á pönnu.

Rommslegnir bananar

Breska matarblaðið Delicious magazine er stútfullt af girnilegum uppskriftum af ýmsu tagi. Þær má einnig finna á vefsíðu blaðsins á deliciousmagazine.co.uk. Nú á adventunni langar mann kannski að gera eitt-hvað nýtt og fljótlegt fyrir matarboðið. Eða jafnvel að finna góðan rétt eða meðlæti í jólaboðið. Það ætti ekki að vera ýkja erfitt hér á þessum mikla uppskriftarvef. Eitt sem þar má finna er uppskrift að banönum með hunangi og hnetum. Banönunum er skellt í steikingu á pönnu upp úr hunangi og smjöri og síðan er skvett út í rommi. Að lokum er svo dreift yfir

pekanhnetum. Þetta gæti nú verið allveg ágætt með afganginum af jólaísnum. Svo er líka að finna á vefnum ýmiss konar grænmetisuppskriftir. Tilvaldar fyrir þá sem vilja borða eitt-hvað aðeins léttara nú áður en öll jólaboðin taka við með þungum mat.



Skannaðu kóðann til að fara inn á vefsíðuna.

mbl.is

Endilega ...

... sjáid sýningu um Ásmund

Næstkomandi sunnudag kl. 14 mun Eiríkur Þorláksson, sýningarstjóri og fyrirverandi forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur, leiða gesti um sýninguna Frá hugmynd að höggmynd – Teikningar Ásmundar Sveinssonar. En sýningin stendur nú yfir í Ásmundarsafni Listasafns Reykjavíkur.

Sýningin veitir innsýn í verkferli myndhöggvarans Ásmundar Sveinssonar þar sem lögd er áhersla á að koma til skila þeim formstúdíum sem liggja að baki höggmyndum hans. Fyrir nokkru lauk skráningu og raf-rænni skönnun allra teikninga sem tilheyra Ásmundarsafni, en með því rættist langþráður draumur safnsins um að miðla þessari áður ókönnuðu hlið á listsköpun Ásmundar Sveinssonar.

Umræddar teikningar eru tæplega 2.000 talsins og þar má finna fjölbreytt viðfangsefni; helgimyndir, landslagsteikningar, formstúdíur, mannamyndir og allt sem nöfnum tjáir að nefna – þar á meðal nokkurn



Morgunblaðið/Golli

Piltur og stúlka Verk Ásmundar.

fjölda teikninga sem tengja má við einstakar höggmyndir, sem Ásmundur Sveinsson vann á langri og gifturíkri starfsævi. Sýningar á teikningum Ásmundar Sveinssonar eru fáheyrdar og má vænta þess að þær vekji verðskuldaða athygli allra þeirra sem hafa áhuga á að kynnst nýjum þætti í íslenski listasögu.

Aldeilis ekki sama hver fær hvaða kort

Hún býr til hundrað kort fyrir hver jól og engin tvö kort eru eins. Og hún skrifar heila ritgerð í hvert kort. Gerður G. Bjarklind leggur mikið upp úr jólakortum og sms-jólakveðjur eru ekki að hennar skapi.

Kristín Heiða Kristinsdóttir
khk@mbl.is

Það þarf að vanda til verka í jólakortagerðinni. Ég geri þetta ekki á tíu mínútum. Það fara þó nokkur kvöld í þetta. En ég hef virkilega gaman af því, þess vegna stend ég í þessu," segir Gerður G. Bjarklind sem hefur nú á miðri adventunni lokið við að búa til eitt hundrað jólakort sem hún sendir vinum og vandamönnum þessi jólin.

„Ég geymi öll kort sem ég fæ og nýti þau sem efnivið í kortagerðinni. Vinir og vandamenn senda mér líka sitthvað fallett og svo klippi ég þetta niður í október, raða saman upp á nýtt, lími og skapa ný kort. Ég nota líka myndir af serviettum og svo teikna ég sjálf fríhendis sumar myndirnar. Engin tvö kort eru eins. Sum eru með Jósef og Maríu, önnur eru sprellfjörug, allt fer það eftir því hver viðtakandinn er, því það er aldeilis ekki sama hver fær hvaða kort.“

Mínar privat smásögur

„Ég hef haft þennan háttinn á undanfarin tuttugu ár. Ég byrjaði á þessu af því mér finnst það gaman, þetta er ekki nein kvöð, heldur einvörðungu ánægja. Ég er bara þannig að mér finnst ekki gaman að senda frá mér kort sem ekki er fallett.“

Það vill nú oft fara mikið fyrir textanum sem ég skrifa í jólakortin. Þetta er heil ritgerð, enda er mér ekki sama hvað ég skrifa, þetta er ekkert Birna Barði börnin, án kommu," segir Gerður og hlær. „Ég vil ekki senda mínu fólki snubbotta



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Skrif „Þetta er ekkert Birna Barði börnin, án kommu,“ segir Gerður og hlær.



Jólakortagerð Gerður geymir öll kort sem hún fær og nýtir sem efnivið.

Leppalúði sjálfur fær aukna athygli þessi jólin

Leppalúði hefur nú bæst í hóp jólasveinaseríu Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra. Óróinn er samstarfsverkefni hönnuðarins Ingibjargar Hönnu Bjarnadóttur sem kom Leppalúða í stál og Ingibjargar Haraldsdóttur sem samdi um hann ljóð.

María Ólafsdóttir
maria@mbl.is

Leppalúði er sjötti óróinn í jólasveinaseríu Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra. Hann er viðfangsefni hönnuðarins Ingibjargar Hönnu Bjarnadóttur og Ingibjargar Haraldsdóttur ljóðskálds. En frá upphafi hafa margir af þekktustu hönnuðum og skáldum okkar Íslendinga lagt félaginu lið við gerð óróanna.

Skemmtilegt verkefni

„Lítið hefur verið skrifað um Leppalúða sjálfan. Hann hefur eiginlega bara verið nafnið og maður Grýlu. Því reyndi ég að búa til eitt-hvað um hann sjálfan. Þetta var talsvert öðruvísi en það sem ég hef fengið til en skemmtilegt verkefni. Það var nú ekki svo erfitt að yrkja um Leppalúða. Þetta var svona skemmtilegt jólaverkfni og gaman hvað hann Gunnar leikari las þetta vel. Það gerði lukku þegar ljóðið var flutt,“ segir Ingibjörg Haraldsdóttir.

Er hér gripið niður í kvæði Ingibjargar um Leppalúða;

Svo liðu ár og aldir.
Þá bar svo við eitt kvöldið



Leppalúði Karlinn þann er nú hægt að hengja á jólatréð eða út í glugga.

Mínum á teiknisamkeppni Skólamiðjólurdagsins fyrir 4. bekkina

Hægt er að skila inn myndum fram að jólafrí til Mjólkursamsöluunar, Bitruháls 1, 110 Reykjavík.



Nánari upplýsingar á www.ms.is

Mjólkur er góð!